

Það eru 52 dagar í..



20. Maí 2010

FORELDRAFUNDUR EUROGYMHÓPS

FARMÍÐAR OG FERÐALAG

- ✖ Fljúgum með Icelandair í hópi 1
 - + Næturflug 10. júl FI202 01:00-06:00
 - + Heimferð 16.júl FI217 22:30-23:40
- ✖ Ármann 42, - Rúta 1
- ✖ Keflavík 33, - Rúta 2
- ✖ Gerpla 58, - Rúta 2 og 3

FARMIDAR OG FERÐALAG

- ✖ Farmiðla greiðir hver einstaklingur til Icelandair í gegnum heimasíðu þeirra 54.780 -
- ✖ Með þessum hætti geta foreldrar greitt með kreditkorti og notað vildarpunkta eða ferðaávísun Mastercard upp í fargjaldið.
- ✖ Icelandair hefur gefið út að EKKI er hægt að bóka vildarflug á þessum dögum

LEIÐBEININGAR

- ✗ **Peir sem greiða ferð með VISA kreditkorti.**
- ✗ Mögulegt er í þessu bókunarferli að nýta 10.000 vildarpunkta sem 6.000.- kr. greiðslu upp í ferð ef viðkomandi á næga punkta **og** er handhafi vildarkorts VISA. Munið að hafa notendanafn og lykilorð að Vildarklúbbnum við hendina ef nýta á punkta upp í ferð. Handhafar Mastercard fara aðra leið (sjá neðar). Sláið inn þessa slóð: <http://www.icelandair.is/hopar>
- ✗ Síða 1: - Sláðu inn númer hópsins **1237**
- ✗ Síða 2: - Allar upplýsingar eiga að vera forskráðar: Nafn hópsins og dagsetningar.
- ✗ Síða 3: - Allar upplýsingar eiga að vera forskráðar: Pakkaverð
- ✗ Síða 4: - Allar upplýsingar eiga að vera forskráðar: Ferðaupplýsingar, muna að lesa vel yfir upplýsingarnar, staðfesta skilmálana og smella á “halda áfram”. Hér er í boði að kaupa **forfallagjald**.
- ✗ Síða 5: - Farþegaupplýsingar. Í reitnum fyrir **VILDARKLÚBBUR ICELANDAIR** á að skrá vildarklúbbsnúmer (kennitölu) þess einstaklings sem er með VISA kort og á 10.000 vildarpunkta til að greiða upp í ferðina. Það þarf ekki endilega að vera farþeginn, heldur sá sem gefur punktana. Ýta því næst á “halda áfram”.
- ✗ Síða 6: - Í glugganum, sem stendur í “Vinsamlegast notið ekki punktana mína”, er valið “Fyrir einn(eða tvo) farþega”. Þá opnast gluggi til að setja inn notendanafn og lykilorð að vildarklúbb. Athugið að valmöguleikinn “Fyrir einn farþega” er ekki sýnilegur nema viðkomandi sé með VISA kort og eigi a.m.k. 10.000 vildarpunkta.
- ✗ Síða 7: - Greiðsla: Skráið inn nafn korthafa og aðrar upplýsingar sem beðið er um. Hér er hægt að velja **raðgreiðslur** með því að haka við “Kortalán”. Smellið síðan á “Bóka ferð” og þar með lýkur ferlinu.

SKIPULAG – Á AÐ VERA KOMIÐ INN

✕ Það á að vera búið að skila inn:

- + Vegabréfsnúmeri
- + Tryggingafélag
- + Evrópska tryggingaskírteinið

Slóðin er eftirfarandi:

<http://www.tr.is/sjalfsafgreidsla/evropskt-sjukratryggingakort/>



SKIPULAG

- ✖ Agareglur FSÍ
 - + Foreldrar skrifi undir ábyrgðaryfirlýsingu
- ✖ Upplýsingar vega Eurogymfara
 - + lyf, ofnæmi, annað
- ✖ Gjaldeyrir
 - + Upphæð samræmd milli félaga
 - + Fararstjóri hjá Keflavík sér um að láta hóp/einstaklinga fá vasapening dag hvern
- ✖ Farsímar heima !

ANNAÐ

- ✖ Hver iðkandi þarf að koma með dýnu / svefnpoka / sæng –
 - + kannski betra í þessu tilfelli að koma með léttu sumarsæng.
- ✖ Kröfur um sómasamlegan klæðnað
 - + Náttföt, stuttbuxur, bolir....
- ✖ Nesti –
 - + í vél út - hafa með sjálf
 - + í rútu – fararstjórar / samlokur, prins, svali, vatn

ANNAÐ

- ✖ Komum að laugardagsmorgni til Óðinsvé
 - + Koma sér fyrir í skólanum
 - + Kanna aðstæður, umhverfi saman
- ✖ Möguleiki að kíkja í verslun á brottfarardegi og borðum saman
 - + Nesti í vél heim – sjálf að sjá um

FARARSTJÓRN OG ÞJÁLFARAR

- ✕ Þjálfari með í för
 - + María Óladóttir (Mæja)
- ✕ 4 foreldrar í fararstjórn
 - + Eva Björk Sveinsdóttir
 - + Sveinbjörg Sigurðard (Systa)
 - + Berglind Bjarnadóttir
 - + Þórný Hreiðarsdóttir

HLUTVERK FARARSTJÓRA / HÓPSTJÓRA

- ✖ **Fararstjóri/ar Íslands** eru tengiliðir Íslands við mótshaldara og skipuleggjendur. Þeim ber að flytja skilaboð á milli, koma upplýsingum til hópstjóra félaga og frá þeim til skipuleggjenda. Fararstjórar halda fundi með hópstjórum félaga eftir daglega fundi fararstjóra landanna, til koma upplýsingum á framfæri. Fararstjórar eru hópstjórum til aðstoðar og saman sjá þeir um að Íslandshópurinn fái jákvæða upplifun á EUROGYM. Fararstjóra er heimilt að senda þátttakendu heim á þeirra kostnað ef upp koma alvarleg agabrot. **Yfirfararstjóri Íslandshópsins er Hrund Þorgeirsdóttir**
- ✖
- ✖ **Hópstjórar félaga** bera ábyrgð á sínum hóp í einu og öllu; sjá um að þeir mæti þar sem við á, hagi sér eins og við á, fái mat og svefn, fylgja þeim á sjúkrahús (ef þarf), sjá um að þeir séu félagi og landi til sóma og njóti EUROGYM. Hópstjórar mæta á hópstjórafundum með fararstjóra. Hópstjóri sér til þess að ávalt sé einhver fullorðinn (þjálfari eða aðrir fylgdarmenn) með hópnum og geti gefið upplýsingar hvar hver er hverju sinni.
- ✖
- ✖ **Þjálfarar og aðrir fylgdarmenn** aðstoða hópstjóra félaga að sjá um hópinn. Verkaskipting getur verið mismunandi milli félaga. Þjálfarar gætu borið ábyrgð á sýningum, mætingum, tónlist og búningum meðan aðrir fylgdarmenn sæu um peningamál, umgengni í svefnrými, mat og drykk.
- ✖ **Hlutverkaskipting hjá Keflavík** verður auglýst áður en agt er af stað ☺

FARGJALD – SKÝRINGAR

- ✖ Í haust var leitað tilboða í flug fyrir 270 manns til Kaupmannahafnar hjá flugfélögum og ferðaskrifstofu. Þrjú tilboð bárust með mismunandi verð og mismunandi skilmálum. Auðvitað var gengið að því sem talið var henta best hópi sem þessum. Og eins og þið öll vitið var félögum boðið að sjá um þennan hluta ef þess væri óskað.
- ✖
- ✖ Að mörgu er að hyggja þegar ferðast er með svo stóran hóp, það komast ekki allir í sömu vél, þá þarf að vera mögulegt að skipta hópnum upp svo henti milli félaga. Erfitt er að staðfesta nöfn og ganga frá fullnaðargreiðslu með margra mánaðar fyrirvara, þá er gott að geta haft einhvern sveigjanleika í að flytja fjölda milli véla. Sum tilboðin sem við fengum fólu í sér óendurkræft staðfestingargjald strax í október og nafnabreytingagjald frá þeim tíma. En ekkert tilboðið hljóðaði upp á sambærileg verð og við sjáum í tilboðum flugfélaga.
- ✖
- ✖ Skýringar sem fengust á flugverði voru orðrétt:
- ✖ “Fargjaldið er nokkuð hátt enda er þetta á háannatíma og þegar búið að bóka mikið af flugsætum á þessum tíma, hjá báðum flugfélögum.
- ✖ Það er líka ekki hlaupið að því að fá flugsæti fyrir þetta stóra hópa, auk þess sem fargjald er ekki lægra per mann eftir því sem hópar eru stærri, heldur hærra (!).
- ✖ Tekjustýring (“yield management”) flugfélaga gengur út á að skipta hverri flugferð upp í nokkra verðflokka og ákveða fjölda sæta í hverjum verðflokki.
- ✖ Fjöldi flugsæta á lægsta fargjaldi er misjafn, en þegar þau sæti eru seld, þá er ekki annað í boði heldur en sæti í næsta verðflokki eða þar næsta og svo koll af kolli.
- ✖ Fyrir hvert sæti sem selt er á lægsta fargjaldi þurfa flugfélög alla jafna að selja sæti á dýrasta fargjaldi.”